

Umsókn um styrk frá lista- og menningarsjóði Kópavogs

Ef sá sem skráði sig inn ætlar ekki að vera umsækjandinn, heldur ætlar að senda inn umsókn í nafni félags / hóps / kórs e.þ.h.,hakið þá við JÁ.Við það hreinsast út upplýsingar um þann innskráða í kaflanum hér að neðan og í staðinn er skráð nafn, kennitala og aðrar upplýsingar varðandi hinn raunverulega umsækjanda (félagsskapinn).Þessi aðferð er notuð ef félag / hópur / kór hefur ekki rafrænt skilríki í síma eða Íslykil, á sinni kennitölu, til að skrá sig inn með.

Já = verið er að sækja um fyrir þriðja aðila (félag/ hóp/ kór eða einstakling)

☒

Umsækjandi

Nafn	Kennitala
Y gallery	7105210930
Lögheimili	Póstnúmer
Mánatún 17	105
Símanúmer	Tölvupóstur
7880575	sigurduratli@ygallery.is
Styrkupphæð sem sótt er um	
3.000.000	

Skráið hér hver er forsvarsmaður félags / hóps / kórs

Nafn	Kennitala
Sigurður Atli Sigurðsson	3103882119
Símanúmer	Tölvupóstur
7880575	sigurduratli@ygallery.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08.2026

Tílefni og tilgangur umsóknar

Skrifið stutta greinargerð sem má birtast opinberlega

Y gallery rekur sýningarrými fyrir myndlist á Olís í Hamraborg. Árið 2025 verður lögð áhersla á alþjóðlegt samstarf við listamenn og liststofnanir.

Hvernig tengist viðburðurinn menningarstefnu Kópavogs?

Starfsemi sýningarrýmisins í Hamraborg framfylgir menningarstefnu Kópavogs á fjölmargan hátt. Galleríið hefur frá upphafi verið mjög eftirsóttur sýningarstaður fyrir myndlistarmenn. (1.1., 1.4.) Galleríið sinnir menningarfræðslu með því að bjóða skólahópa og vinnustaðahópa velkomna í leiðsagnir um sýningar. (1.3.) Val á listamönnum til samstarfs byggir á faglegu mati óháð öðrum þáttum, .s.s. markaðsöflum, en það er mjög mikilvægt fyrir fagið að geta haldið annað en sölusýningar. (2.1.) Árið 2025 verður lögð sérstök áhersla á alþjóðlegt samstarf í okkar störfum, m.a. við Galleri Susanne Ottesen í Kaupmannahöfn og International Library of Fashion Research í Osló. (2.2., 3.2.) Við erum í samstarfi við Gerðarsafn um að samræma tíma á opnunum og í einstaka verkefnum líkt og með sýningu Þórs Vigfússonar þegar hann sýndi á báðum stöðum samtímis. (3.1.) Við höfum í nokkur ár staðið fyrir verkefninu Auglýsingahlé Billboard þar sem listaverk eins listamanns eru sýnd á hátt í 500 skjáum víðsvegar um höfuðborgarsvæðið. (3.5.)

Þjónar viðburðurinn ákveðnu hverfi? Ef já, hvaða hverfi?

Þar sem galleríið er staðsett í Hamraborg sjá flestir sýningarnar sem eiga þar leið hjá. Annars er galleríið opið öllum.

Þjónar viðburðurinn ákveðnum markhópi. Ef já, hvaða markhópi?

Markhópurinn er þeir sem hafa áhuga á að kynna sér myndlist, en einnig þeir sem taka bensín og fólk sem á leið hjá galleríinu.

Hvernig hyggst þú kynna og auglýsa viðburðinn.

Sýningar og viðburðir hjá Y eru auglýstir í gegnum Facebook og Instagram en einnig með boðskortum í gegnum tölvupóst. Bæði Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar og Mekó sjá um að auglýsa starfsemi gallerísins. Við sendum alltaf út fréttatilkynningar og listamenn eru oft fengnir í útvarps og blaðaviðtöl.

Lýsing á verkefninu sem sótt er um styrk til

Umsækjendur verða að sýna fram á gildi þess verkefnis sem sótt er um og getu til að hrinda verkefninu í framkvæmd

Nú höfum við rekið Y gallery á Olís bensínstöðinni í Hamraborg í rúm þrjú ár. Á þeim tíma höfum við haldið um 30 sýningar auk fjölda viðburða. Reykjavík Grapevine lýsti galleríinu sem frumlegasta sýningarstað landsins þar sem væri að finna verk eftir fremstu listamenn þjóðarinnar.

Undanfarið höfum við farið í talsverðar framkvæmdir á rýminu, bætt við skrifstofuaðstöðu og listaverkageymslu og bætt sýningaraðstöðuna til muna. Það var fyrsta skref okkar í átt að því sem við stefnum að fyrir sýningarárið 2025, en það er að taka þátt í erlendu samstarfi við leiðandi listamenn, gallerí og listastofnanir.

Við hefjum árið á Auglýsingahlé Billboard en þar komum við til með að sýna listamann sem er einn af þeim allra fremstu á alþjóðavísu (ekki hefur verið tilkynnt enn hver þar er). Í febrúar opnum við sýningu á verkum Arnfinns Amazeen sem hefur lengi verið búsettur í Danmörku. Síðan opnar sýning sem er unnin í samstarfi við International Library of Fashion Research sem staðsett er í National Museum of Norway í Osló. Safnstjórinn Elise By Olsen verður sýningarstjóri sýningarinnar í samstarfi við Y gallery. Sýningin samanstendur af listhlutum sem fatamerki á borð við Comme des Garçons o.fl. hafa fengið þekkta listamenn til að vinna fyrir sig (e.commissioned work). Þessi sýning verður partur af Hönnunarmars og Reykjavík Art Book Fair. Þarna er um að ræða hluti sem eru á áhugaverðum mörkum tísku, myndlistar og útgáfu. Á meðan á sýningunni stendur tökum við á móti hópi fólks sem stendur á bak við Buffalo AKG Nordic Art and Culture Initiative. Safnið hefur sett markmið um að á næstu sextíu árum verða stærsta safn á norrænni list í Norður-Ameríku (ef ekki víðar). Um vorið 2025 opnar sýning sem er unnin í samstarfi við Galleri Susanne Ottesen sem er eitt helst gallerí fyrir samtímalist í Kaupmannahöfn. Sýnd verða verk eftir danska myndhöggvarann Nanna Abell. Á haustmánuðum verða m.a. opnaðar einkasýningar á verkum Höllu Einarsdóttur, Sæmundar Þórs Helgasonar og Brianna Leatherbury, en öll hafa þau verið búsett erlendis um nokkurt skeið. Einnig má nefna að Ásta Fanney Sigurðardóttir mun skipuleggja gjörningadagskrá með bæði innlendum og erlendum gestum.

Við erum mjög spennt fyrir því að taka starfsemi gallerísins á enn hærra plan með metnaðarfullum verkefnum í samstarfi við erlenda listamenn, gallerí og liststofnanir. Þannig getum við boðið sýningargestum og vegfarendum að sjá eitthvað alveg nýtt og opnað á meira samstarf þessara listamanna við aðra listamenn eða liststofnanir hér á landi.

Áætluð verkefni á árinu, heiti og staðsetning

Tilgreinið eigin fjármögnun og styrki eða framlög frá öðrum ef um slíkt er að ræða og leggið fram gögn því til staðfestingar

- Lýsing á verkefninu sem sótt er um styrk til
- Gildi verkefnisins og getu til að hrinda því í framkvæmd
- Eigin fjármögnun og upplýsingar um styrki eða framlög frá öðrum ef um slíkt er að ræða og leggja fram gögn því til staðfestingar
- Kostnaðaráætlun
- Aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill taka fram

gögn 1

y gallery fjárhagsáætlun_2025.pdf

gögn 2

gögn 3

gögn 4

gögn 5

Staðfesting umsóknar

- ☒ Ég staðfesti hér með að allar upplýsingar sem ég veiti í sambandi við þessa umsókn eru réttar og gefnar eftir bestu vitund.

Hver einstaklingur / félag / hópur / kór e.þ.h. sem hlýtur styrk, þarf að senda greinargerð á menning@kopavogur.is fyrir árslok þar sem fram koma upplýsingar um árangur verkefnisins eða starfsins og hvernig styrknum hefur verið ráðstafað.

Um umsóknina

Staðfestingarnúmer: 102087 **Staðfestingarmáti:** Rafræn skilríki í farsíma **Dagsetning:** 23.10.2024 21:04:31